



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 8/2006

Kvörtun Ljóshraða ehf. yfir skráningu IP fjarskipta ehf. á léninu ljoshradi.is

I.

Erindið og málavextir

1.

Neytendastofu barst erindi, dags. 17. nóvember 2005, frá Ljóshraða ehf. Í erindinu er kvartað yfir skráningu IP fjarskipta ehf. á léninu ljoshradi.is. Er óskað ákvörðunar Neytendastofu um að IP fjarskiptum verði gert að afskrá lánið.

Fram kemur að Ljóshraði sem áður hafi heitið Ásgeir Þorleifsson ehf. hafi starfað frá árinu 1999. Frá árinu 2003 hafi fyrirtækið rekið hýsingarþjónustu með nafninu Ljóshraði.net, sem í daglegu tali hafi verið kallað Ljóshraði, og átt lánið ljoshradi.net. Í ágúst 2005 hafi nafni fyrirtækisins verið breytt í Ljóshraða ehf.

Í ljós hafi komið að ýmsir viðskiptamenn Ljóshraða hafi átt í erfiðleikum með að finna heimasíðu fyrirtækisins þar sem lánið hafi endinguna net. Hinn 15. september 2005 hafi því forsvarsmaður Ljóshraða ætlað að fá skráð lánið ljoshradi.is hjá Isnic. Hafi þá komið í ljós að IP fjarskipti, sem sé keppinautur Ljóshraða, hefði skráð lánið tveim dögum áður. Forsvarsmaður Ljóshraða hafi reynt að ná samningum við IP fjarskipti um að fá lánið leyst til sín en án árangurs. Er óskað atbeina Neytendastofu til þess að IP fjarskipti afskrái lánið.

2.

Erindi Ljóshraða var sent IP fjarskiptum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. nóvember 2005. Svar barst ekki. Var erindið ítrekað með bréfi Neytendastofu til IP fjarskipta dagsettu 23. desember 2005. Svar IP fjarskipta er dagsett 6. janúar 2006. Þar er því hafnað að Ljóshraði eigi tilkall til lénsins ljoshradi.is. Ljóshraði sé almennt orð með skýrri vísan til starfsemi IP fjarskipta sem m.a. endurselji ljósleiðaratengingar og reki fjarskiptanet sem byggt sé upp af m.a. ljósleiðurum. Þá sé almennt talað um að hlutir eða skeyti ferðist á ljóshraða þegar átt sé við mikinn hraða. Orðið hafi sterka skírskotun til þeirrar tækni sem búi að baki ljósleiðurum þ.e. háhraða Internetþjónustu. Kennitala Ljóshraða sé frá árinu 1999 og hafi fyrirtækið því haft fjölmörg tækifæri til að skrá lánið en með aðgerðarleysi hafi fyrirtækið í reynd afsalað sér tilkalli til lénsins. Þá hafi fyrirtækið valið þá leið að skrá lánið ljoshradi.net.



3.

Bréf IP fjarskipta var sent Ljóshraða til umsagnar með bréfi dagsettu 13. janúar 2006. Í svari Ljóshraða, dags. 18. janúar 2006, segir að lénið ljoshradi.net hafi verið skráð með tilvísun til þáverandi nafns fyrirtækisins. Rekstur háhraða hýsingarþjónustu á ljósleiðaraneti fari fram enn í dag þrátt fyrir nafnabreytingu. Mótmælt er að orðið ljóshraði sé almennt notað á fjarskiptamarkaðnum nema þegar átt sé við hýsingarþjónustu Ljóshraða. Ítrekað er að Ljóshraði eigi tilkall til lénsins þar sem það sé firmanafn fyrirtækisins, starfsemin hafi í daglegu tali verið kölluð Ljóshraði og það séu undarlegir viðskiptahættir að keppinautur skrái sem lénheiti nafn skráðs firma. Krafa Ljóshraða sé sú að IP fjarskiptum verði gert að afskrá lénið þar sem öll starfsemi fyrirtækisins byggist á firmanafninu og valdi þetta viðskiptavinum ruglingi sem mjög erfitt sé að leiðrétta og útskýra.

4.

IP fjarskiptum var gefinn kostur á að tjá sig frekar um málið með bréfi Neytendastofu, dags. 24. janúar 2006. Svar fyrirtækisins er dagsett 6. febrúar 2006. Þar segir m.a. að IP fjarskipti séu ekki keppinautur Ljóshraða. IP fjarskipti séu skráð fjarskiptafyrirtæki sem selji þjónustu sína til almennra neytenda. Sú þjónusta felist einungis í háhraða Internet tengingum fyrir heimili yfir ADSL fjarskiptanet sem félagið reki. IP fjarskipti starfi ekki á markaði fyrir hýsingu og tölvuþjónustu við fyrirtæki og einstaklinga eins og Ljóshraði geri. IP fjarskipti hafni því alfarið að Ljóshraði hafi borið tjón af skráningu lénsins. Lénið hafi ekki enn verið virkjað, auglýst eða veitt þjónustu sem skarist á við Ljóshraða.

5.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 23. febrúar 2006, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að sökum mikils málafjölda hjá stofnuninni væru fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

Neytendastofa sendi IP fjarskiptum bréf, dags. 26. apríl 2006. Þar var fyrirtækinu kynnt afstaða Neytendastofu til málsins. Þar segir m.a. að Neytendastofa telji IP fjarskipti hafi skráð lénið ljoshradi.is í þeim tilgangi að hindra Ljóshraða í að skrá lénið, valda ruglingi og trufla með því viðskipti keppinautar. Lagt var til við IP fjarskipti að afskrá lénið innan tíu daga frá dagsetningu bréfsins. Þá var fyrirtækinu gefinn jafn langur frestur til að koma að athugasemdum. Engar athugasemdir bárust og lénið hefur ekki verið afskráð.

Í bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 1. júní 2006, segir að þar sem IP fjarskipti hafi ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að afskrá lénið ljoshradi.is muni Neytendastofa taka ákvörðun í málinu. Þá fylgdi bréfinu nýr gagnalisti.



II. Niðurstaða

1.

Í erindi Ljósraða er kvartað yfir skráningu IP fjarskipta á léninu ljoshradi.is. Frá árinu 2003 hafi fyrirtækið rekið hýsingarþjónustu með nafninu Ljósraði.net og átt lénið ljoshradi.net. Í ágúst 2005, hafi nafni fyrirtækisins verið breytt í Ljósraða ehf. Er forsvarsmaður Ljósraða hafi ætlað að fá skráð lénið ljoshradi.is hjá Isnic hafi komið í ljós að IP fjarskipti hefðu skráð lénið tveim dögum áður. Forsvarsmaður Ljósraða hafi reynt að ná samningum við IP fjarskipti um að fá lénið leyst til sín en án árangurs.

IP fjarskipti hafnar því að Ljósraði eigi tilkall til lénsins ljoshradi.is. Ljósraði sé almennt orð með skýrri vísan til starfsemi IP fjarskipta. Kennitala Ljósraða sé frá árinu 1999 og hafi fyrirtækið því haft fjölmörg tækifæri til að skrá lénið en með aðgerðarleysi hafi fyrirtækið í reynd afsalað sér tilkalli til lénsins. Þá hafi félagið valið þá leið að skrá lénið ljoshradi.net. IP fjarskipti séu með annan rekstur en Ljósraði og eigi fyrirtækin því ekki í samkeppni.

2.

Í erindinu er ekki vísað til lagagreina en að mati Neytendastofu koma 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins til álita í málinu. Ákvæði 5. gr. hljóðar svo:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Ekki hefur verið talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla, sbr. eftirfarandi ummæli í greinargerð með 20. gr. frumvarps til samkeppnislaga (nú 5. gr. laga nr. 57/2005):

„Það er einmitt eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs [nú Neytendastofu], jafnt og dómstóla, að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki.“



Þá gegna sérákvæði núverandi II. kafla laga um óréttmæta viðskiptahætti, svo sem 12. gr., mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta. Í 12. gr. laganna segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga kemur fram að í 25. gr. laganna (nú 12. gr. laga nr. 57/2005) felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum og er firmanafn sérstaklega tilgreint í greininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Báðir málsliðir 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti koma þannig til álita í máli þessu.

3.

Hvað varðar fyrri málslið 12. gr. kemur til álita hvort IP fjarskipti hafi með skráningu lénsins ljoshradi.is nýtt sér firmanafn Ljóshraða ehf. með ólögmætum hætti.

Eins og fram hefur komið var Ljóshraði skráð sem einkahlutafélag í ágúst 2005 eftir að hafa notað nafnið Ljóshraði.net frá árinu 2003. Með skráningu firma er meginreglan sú að eigandi þess öðlast að jafnaði einkarétt til nafnsins og er öðrum óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því það mikið að um ruglingshættu geti verið að ræða. Firmanafnið verður að geta aðgreint fyrirtækið frá keppinautum á markaðnum. Af því leiðir að almenn vöruheiti hafa ekki talist hæf til að vera firmanöfn.

Sé orðinu ljóshraði flett upp í orðabókum er þar þá skýringu að finna að átt sé við þann hraða sem ljósið berst með í loftómu rúmi. Að mati Neytendastofu er orðið ljóshraði almennt orð sem að einhverju marki geti lýst starfsemi beggja fyrirtækjanna. Þessi almenna skírskotun leiðir til þess að Neytendastofa telur að skráning IP fjarskipta á léninu ljoshradi.is brjóti ekki í bága við ákvæði 1. málsliðar 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.



4.

Seinni málsliður 12. gr. tekur til atvika þegar báðir málsaðilar eiga rétt til viðkomandi auðkenna sem um er deilt. Ljósraði er skráð einkahlutafélag og á lénið ljoshradi.net. IP fjarskipti hafa skráð lénið ljoshradi.is með þar til bærum hætti hjá Isnic. Vefsvæði IP fjarskipta er hive.is og vísar lénið ipf.is inn á það. Bæði fyrirtækin eiga því óumdeildan rétt auðkenna sinna í skilningi 2. málsliðar 12. gr. laganna og skal því litið til þess hvort skráningaraðili lénsins hafi verið í góðri trú og hvort ruglingshætta hafi skapast með skráningu lénsins.

Með almennri notkun Internetsins eru lén sífellt mikilvægari. Þeir sem nota Netið hafa vanist því að fyrirtæki og stofnanir skrái lén með nafni sínu með endingunni .is. Allir geta fengið úthlutað lén sem ekki hafa svæðisbundna skírskotun en ekki er algengt að íslensk fyrirtæki noti rótarlénið .net sem ætlað var tölvufyrirtækjum. Sé slegið inn lénnafninu ljoshradi.is finnst ekkert vefsvæði heldur koma upp skilaboðin „*Cannot find server*“ og „*This page cannot be displayed*“. IP fjarskipti nota þannig ekki lénið ljoshradi.is.

Við mat á mögulegri ruglingshættu skiptir máli hvort fyrirtækin starfa á sama þjónustumarkaði. IP fjarskipti fullyrða að fyrirtækið eigi ekki í samkeppni við Ljósraða ehf. IP fjarskipti er eigandi fyrirtækisins Hive og eru tengsl fyrirtækjanna auðsjáanlega mjög nán. Fyrirtækin eru í sama húsnæði og IP fjarskipti notar bréfsefni með vörumerki Hive. Á heimasíðu Hive, a.m.k. þann 31. mars 2006, segir að Hive sé í samstarfi við ýmis fyrirtæki um vef- og pósthýsingu. Þá sé stefnt að því að bjóða viðskiptavinum upp á heimasvæði á næstunni. Þessar upplýsingar er ekki lengur að finna á heimsíðu Hive. Að mati Neytendastofu hefur því a.m.k. staðið til samkeppni á milli fyrirtækjanna og að þegar IP fjarskipti skráðu lénið hafi Hive ætlað að bjóða fyrirtækjum upp á hýsingu eins og Ljósraði gerir.

Varla mundi sá sem ekki þekkir til IP fjarskipta slá inn ljoshradi.is svo tæpast er hætta á ruglingi að því leyti. Aftur á móti má telja að hætta sé á því að viðskiptavinir Ljósraða geti ruglast þegar skilaboð koma upp um að ekkert vefsvæði finnist þegar leitað er að léninu ljoshradi.is á Netinu. Haldi að fyrirtækið hafi ekkert vefsvæði eða jafnvel að fyrirtækið sé hætt starfsemi. Að mati Neytendastofu er augljóst að skráning lénnafnsins ljoshradi.is skapar hættu á ruglingi sem hefur óhagræði í för með sér fyrir Ljósraða.

Eins og fram hefur komið nota IP fjarskipti ekki lénið. Þá notar fyrirtækið ekki heldur orðið ljósraði almennt í starfsemi sinni heldur frekar orðið ljósleiðari. Að mati Neytendastofu fæst ekki séð í hvaða tilgangi IP fjarskipti hafa skráð lénið nema ef vera skyldi til að hindra Ljósraða í að skrá lénið, valda ruglingi og trufla með því viðskipti Ljósraða. Neytendastofa telur að skráning IP fjarskipta á léninu ljoshradi.is sé til þess fallin að ruglast megi á því og firmanafni kvartanda sem fyrirtækið notar



með fullum rétti. Skráningin brjóti gegn ákvæðum 2. ml. 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti þar sem ljóst má vera að skráning IP fjarskipta á léninu getur valdið ruglingshættu.

5.

Tengsl IP fjarskipta við orðið ljóshraði eru vandséð og ekki hafa í málinu komið fram neinar trúverðugar skýringar á notkun fyrirtækisins á orðinu eða hvers vegna heiti mögulegs keppinautar hafi verið valið sem lénnafn. Þá hefur lénið ekki verið notað fyrir vefsvæði IP fjarskipta sem slíkt þar sem það vísar ekki til vefsvæðis, heldur virðist frekar sem skráningin hafi verið framkvæmd til þess að hindra annað fyrirtæki í að skrá lénið, valda ruglingi og trufla með því viðskipti hans. Neytendastofa fær ekki séð að tilviljun hafi ráðið skráningu IP fjarskipta á léninu ljoshradi.is og að fyrirtækið hefði átt að vita betur. Slíkt telur Neytendastofa að brjóti í bága við góða viðskiptahætti samanber ákvæði 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

Með vísan til alls framangreinds telur Neytendastofa nauðsynlegt að banna IP fjarskiptum að nota lénið ljoshradi.is og leggur fyrir fyrirtækið að láta afskrá það.

III.

Ákvörðunarorð:

„IP fjarskipti ehf., Hlíðarsmára 12, Kópavogi, hafa með skráningu lénsins ljoshradi.is brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. sömu laga bannar Neytendastofa IP fjarskiptum ehf. alla notkun lénsins ljoshradi.is og leggur fyrir fyrirtækið að afskrá lénið innan tíu daga frá birtingu ákvörðunar þessarar.

Verði ekki farið að banninu og lénið ekki afskráð innan tilskilins frests mun Neytendastofa beita viðurlögum 22. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.“

Neytendastofa, 29. júní 2006